

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## H.B Grandi á Vopnafirði Vopnafjörður



<b>Dags eftirlits</b>	19.9.2016	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Gottskálf Friðgeirsson
<b>Fyrirtæki</b>	H.B Grandi á Vopnafirði	<b>Eftirlitsmaður</b>	Leifur Þorkelsson
<b>Heimili</b>	Hafnarbyggð	<b>Tegund eftirlits</b>	Framselt eftirlit
<b>Kennitala</b>	5411850389	<b>Flokkur</b>	Fiskimjölverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Jörgen Sverrisson	<b>ÍSAT nr.</b>	15.20.7
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	691171,367 590414,525

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitsferðinni en gerð var athugasemd við að yfirlýsingu varðandi útstreymisbókhald var skilað of seint. Magn fitu og annarra mengandi efna í fráveituvatni mældist undir viðmiðunarmörkum skv. nýlegri skýrslu.

### UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Leifur Þorkelsson.

Farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu sem unnin var í kjölfar eftirlitsferðar þann 3. september 2015. Þá komu fram þrjú frávik frá starfsleyfi fyrirtækisins. Útstreymisbókhaldi hafði ekki verið skilað, umhverfismarkmið lágu ekki fyrir og fita í fráveituvatni mældist yfir starfsleyfismörkum. Í kjölfarið var brugðist við frávikum varðandi umhverfismarkmið og útstreymisbókhald á fullnægjandi hátt en ekki tókst að sýna fram á að fita í fráveituvatni væri undir viðmiðunarmörkum starfsleyfis þrátt fyrir endurteknar sýnatökur. Því veitti Umhverfisstofnun fyrirtækinu áminningu með bréfi dagsettu 8. mars 2016

Engar breytingar hafa verið gerðar á verksmiðjunni frá síðustu eftirlitsferð en ráðgert að skipta út soðkjarnatækjum og bæta við skilvindu á næstunni. Fram kom að það sem af er ári hefur verksmiðjan unnið úr u.þ.b. 56.000 tonnum af hráefni. Engar kvartanir hafa borist vegna starfseminnar frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt.

Mælingar á fitu, COD og svifögnum í fráveituvatni fór fram þann 1. júní sl. Í skýrslu frá verkfræðistofunni Verkís sem skilað var í september 2016 kemur fram að öll efni sem mæld eru í frárænnli hafi þá mælst innan viðmiðunarmarka.

Farið var yfir þær skráningar sem sem rekstraraðila ber að viðhafa samkvæmt grein 3.1 í starfsleyfi. Til staðar eru kvittanir vegna þjónustu við fitugildru. Engin mengunaróhöpp hafa orðið í verksmiðjunni frá því hún var síðast heimsótt og engar bilanir hafa komið upp í mengunarvarnarbúnaði. Upplýsingar um magn úrgagns frá verksmiðjunni, efnanotkun og fleira koma fram í grænu bókhaldi.

Farið var yfir þær eftirlitsmælingar sem gerð er krafa um í grein 3.2 í starfsleyfi. TVN er mælt reglulega og er niðurstöðum mælinga skilað til Umhverfisstofnunnar. Fita, svifagnir og COD í frárænnli frá eru mæld reglulega. Síðast í júní 2016.

Ryk í útblæstri olíubrennara var mælt í desember 2015 og samhliða því var hraði útblásturslofts frá skorteini reiknaður út úfrá lofthraðamælingum í loftræsisstokki. Niðurstöðurnar koma fram í skýrslu frá Verkís í febrúar 2016. Báðir þættir eru innan þeirra marka sem um kveðið er á um í starfsleyfi.

Skýrslu um heildarúttekt á losun mengandi efna skv. grein 5.2. í starfsleyfi var skilað í september 2016. Skýrslan er unnin af verkfræðistofunni Verkís og fóru sýnatökur fram í desember 2015 og í júní 2016.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2015 var skilað lok apríl sl. Útstreymisbókhaldi hafði hinsvegar ekki verið skilað þegar eftirlitið fór en yfirlýsing þess efnis að magn mengandi efna frá starfsstöðinni væri ekki yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í II viðauka reglugerðar EB nr. 166/2006 var ekki send fyrir en í kjölfar eftirlitsferðarinnar. Frestur til að skila útstreymisbókhaldi vegna ársins 2015 var til 1. maí sl.

Áður en eftirlitsskýrsla var undirrituð var gengið um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Verksmiðjugólf voru þurr og hrein og verksmiðjulóðin snyrtileg og vel umgengin.


## ATHUGASEMDIR

Yfirlýsing vegna útstreymisbókhalds var send of seint.

11.10.2016

**1 Frávik:** Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2 Athugasemd:** Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



---

Gottskálk Friðgeirsson